

Fundargerð 379. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, mánudaginn 16. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 378. fundar frá 23. október sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Kynning á starfsemi hafna - 1509035HA

Lagðar fram upplýsingar frá hafnasjóðum um þau verkefni sem þeir koma að og tengjast kynningu á starfsemi hafna.

Einungis þrír hafnasjóðir hafa sent inn upplýsingar. Starfsmanni er því falið að senda ítrekun þar sem óskað er eftir upplýsingum um málið.

3. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar hafnasambandsins, dags. 29. október sl., og fyrstu drög að dagskrá fyrir hafnasambandsþingið 2016.

Starfsmanni og formanni fræðslunefndar falið að vinna áfram að undirbúningi.

Fundi var slitið kl. 11:45

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson